

Endanlegir skilmálar

SIMINN 26 1

skuldaskjala útgefina af Símanum hf. í samræmi við 6.000.000.000 kr. útgáfuramma víxla og skuldabréfa

Gengi við sölu verðbréfanna: 100% af heildarnafnverði

Útgáfudagur: 25. mars 2024

2. útgáfa flokks

(„verðbréfin“, „skuldaskjölin“, eða „skuldabréfin“)

Þessir endanlegu skilmálar hafa verið gerðir í samræmi við 8. grein reglugerðar (ESB) 2017/1129 um lýsingu sem birta skal þegar verðbréf eru boðin út í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði og verður að lesa þá í samhengi við grunnlýsingu útgefanda dagsetta 28. júlí 2023 og þá viðauka sem gerðir geta verið við grunnlýsinguna ásamt þeim skjölum sem felld eru inn í grunnlýsinguna eða viðaukana með tilvísun (einnig „grunnlýsingin“). Grunnlýsingin er birt í tengslum við 6.000.000.000 kr. útgáfuramma Símans hf.

Grunnlýsinguna og alla hugsanlega viðauka sem kunna að vera gerðir við hana er að finna á vefsíðu útgefanda, <https://www.siminn.is/um-simann/fjarfestar>. Eingöngu er hægt að fá allar nauðsynlegar upplýsingar um útgefanda og skuldaskjölin með því að lesa saman grunnlýsinguna, alla hugsanlega viðauka sem kunna að vera gerðir við grunnlýsinguna og þessa endanlegu skilmála. Þegar vísað er til „greinar“ í endanlegum skilmálum þessum er átt við viðkomandi grein í kafla 3 í grunnlýsingu útgefanda dagsettri 28. júlí 2023.

Hluti I: Skilmálar skuldaskjalanna

1 Útgefandi

Grein 1 gildir um skuldaskjölin.

2 Nafnverðseiningar, heildarheimild, gjaldmiðill og fleira

Grein 2 gildir um skuldaskjölin.

Útgáfugjaldmiðill skuldaskjalanna: ISK

Nafnverð útgáfu: 1.500.000.000 kr.

Nafnverðseiningar: 20.000.000 kr.

Áður útgefin verðbréf í flokki: 1.500.000.000 kr.

Heildarheimild flokks: Opin heimild. Útgefanda er því heimilt að stækka flokkinn upp að fyrrgreindu marki án þess að leita samþykkis frá eigendum verðbréfanna, en útgáfa nýrra verðbréfa er ávallt háð heimild frá stjórn útgefanda á hverjum tíma.

3 Útgáfuform

Grein 3 gildir um skuldaskjölin.

Verðbréfamiðstöð: Nasdaq CSD SE, útibú á Íslandi, kt. 510119-0370, Laugavegi 182, 105 Reykjavík, Ísland, sem hlotið hefur starfsleyfi skv. lögum nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og eignarskráningu fjármálagerna („verðbréfamiðstöð“).

4 Upplýsingar um eigendur skuldaskjalanna

Grein 4 gildir um skuldaskjölin.

5 Greiðsluform

Grein 5 gildir um skuldaskjölin.

6 Verðtrygging

Engin verðtrygging:

Skuldaskjölin eru óverðtryggð.

7 Vextir

Grein 7.2 gildir um verðbréfin. Greiðsla vaxta skal vera á 1 mánaða fresti, fyrir undangengið vaxtatímabil, í fyrsta sinn þann 8. ágúst og 5. hvers mánaðar eftir það. Vextir greiðast í síðasta sinn á lokagjalddaga þann 30. júní 2026.

Form vaxta: Breytilegir vextir og gildir grein 7.2.(b) um skuldabréfin.

Breytilegir vextir:

Viðmiðunarvextir: 1 mánaðar REIBOR

Álag: 1,30%

Ákvörðunarfyrirvari viðmiðunarvaxta: Viðmiðunarvextir sem notaðir eru til að reikna út vexti fyrir hvert vaxtatímabil skulu vera festir 2 dögum fyrir fyrsta vaxtadag viðkomandi tímabils.

Upplýsingakerfi viðmiðunarvaxta: <https://sedlabanki.is/annad-efni/meginvextir-si/>

Fyrsta vaxtatímabil hefst á útgáfudegi og lýkur 8. ágúst 2023. Vaxtatímabil frá og með öðru tímabili er 1 mánuður og greiðast 5. hvers mánaðar. Grein 7.3 gildir um skuldabréfin.

Dagregla: ACT/360. Grein 7.4 gildir um skuldaskjölin.

Grein 7.5. gildir um skuldaskjölin.

8 Endurgreiðsla höfuðstóls

Endurgreiðsla höfuðstóls: Höfuðstóll verður endurgreiddur í einu lagi þann 30. júní 2026. Grein 8.1 gildir um skuldabréfin.

Fyrsta greiðsla afborgana: 30. júní 2026.

Lokagjalddagi: 30. júní 2026.

Uppgreiðsluheimild: Grein 8.5 gildir um skuldabréfin og er uppgreiðsluheimild því ekki fyrir hendi

9 Kröfur jafnréttáar (e. pari passu)

Grein 9 gildir um skuldabréfin.

10 Staða í kröfuröð

Grein 10 gildir um skuldabréfin.

11 Löggjöf um útgáfuna

Grein 11(a) gildir um skuldabréfin.

12 Yfirlýsingar

Eftirfarandi stafliðir greinar 12 gilda um skuldabréfin: A, B, C, D, E, F.

13 Upplýsingakvaðir

Eftirfarandi stafliðir greinar 13.1 gilda um skuldabréfin: A, B, C, D. Eftirfarandi stafliðir greinar 13.2 gilda um skuldabréfin: A, B.

14 Almennar kvaðir

Eftirfarandi stafliðir greinar 14 gilda um skuldabréfin: A, B, C, D, E.

15 Fjárhagsleg skilyrði

Grein 15 gildir um skuldabréfin ásamt eftirfarandi greinum.

Eiginfjárhlutfall: Að lágmarki 25%.

16 Vanefndartilvik

Eftirfarandi stafliðir greinar 16.2 gilda um skuldabréfin: A, B, C, D, E, F, G, H, I, J, K, L.

Grein 16.3 gildir skuldabréfin.

17 Umboðsmaður kröfuhafa og staðfestingaraðili fjárhagslegra skilyrða

Grein 17 gildir um skuldabréfin.

LOGOS slf., kt. 460100-2320, Efstaleiti 5, 103 Reykjavík hefur verið skipaður óháður umboðsmaður kröfuhafa með undirritun þjónustusamnings, dagsettur þann 21. júlí 2023.

KPMG ehf., kt. 590975-0449, Borgartúni 27, 105 Reykjavík hefur verið skipaður staðfestingaraðili fjárhagslegra skilyrða með undirritun þjónustusamnings, dagsettur þann 21. júlí 2023.

18 Önnur ákvæði

Heimild til kaupa eigin skuldabréfa: Grein 18.1 gildir um skuldabréfin.

Upplýsingaöflun: Grein 18.2 gildir um skuldabréfin.

Hlunnindi: Grein 18.3 gildir um skuldabréfin.

Framsal: Grein 18.4 gildir um skuldabréfin.

Skattaleg meðferð: Grein 18.5 gildir um skuldabréfin.

Ágreiningsmál: Grein 18.6 gildir um skuldabréfin.

19 Skilmálabreyting

Grein 19 gildir um skuldabréfin.

20 Tryggingar og ábyrgðir

Grein 20 gildir um skuldabréfin.

21 Sérstakar yfirlýsingar

Grein 21 gildir um skuldabréfin.

22 Eigin bréf

Grein 22 gildir um skuldabréfin.

Hluti II: Aðrar upplýsingar

1.	Skráning og taka til viðskipta	
	Skráning og taka til viðskipta:	Öll þegar útgefin skuldaskjöl í flokknum IS0000035335 eru þegar í viðskiptum á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Óskað verður eftir að aukning skuldabréfaflokksins að nafnvirði 1.500.000.000 kr. verði einnig tekin til viðskipta á sama markaði. Útgefandi mun óska eftir töku til viðskipta.
	Fyrsti mögulegi viðskiptadagur:	25. mars 2024
	Upplýsingar um aðila sem hafa gert bindandi samkomulag um að starfa sem milliliðir á eftirmarkaði og búa til seljanleika með kaup- og sölutilboðum (viðskiptavakar) ásamt lýsingu á helstu skilmálum samkomulagsins:	Á ekki við.
	Ráðgjafar í tengslum við útgáfu:	Fossar fjárfestingarbanki hf., kt. 660907-0250, hefur umsjón með sölu skuldabréfanna og töku þeirra til viðskipta á Aðalmarkað Nasdaq Iceland.
2.	Hugsanlegir hagsmunaárekstrar í tengslum við útgáfuna/útboðið	
	Upplýsingar um hagsmuni sem tengjast útgáfunni, þ.m.t. hugsanlega hagsmunaárekstra:	Að undanskildum kostnaði greiddum til Fossa fjárfestingarbanka hf. er útgefanda ekki kunnugt um neina hagsmuni sem skipta máli í tengslum við útgáfu og sölu skuldabréfaflokksins.
3.	Ástæður fyrir útboðinu, áætlaður heildarkostnaður og áætlað nettósöluandvirði útboðsins	
	Ástæða fyrir útboðinu:	Tilgangur útboðsins er að fjármagna starfsemi útgefanda, og auka fjölbreytni fjármögnunar.
	Áætlaður heildarkostnaður:	5 m.kr.
	Áætlað nettósöluandvirði:	1.495 m.kr.
4.	Ávöxtunarkrafa	
	Upplýsingar um ávöxtunarkröfu:	11,38% Ávöxtunarkrafa er reiknuð út frá gengi verðbréfanna.
5.	Upplýsingar um undirliggjandi þætti eftir því sem við á	
	Lýsing á undirliggjandi viðmiðunarvöxtum:	Á ekki við.
	Lýsing á verðtryggingavísitölu:	Á ekki við.
6.	Heimild til útgáfu	
	Stjórn útgefanda hefur samþykkt útgáfuramma þann sem lýst er í grunnlýsingu útgefanda dagsettri 28. júlí 2023. Skuldaskjölín sem þessir endanlegu skilmálar taka til voru gefnir út skv. heimild stjórnar þann 30. maí 2023. Verðbréfin hafa öll verið seld og eru að fullu greidd.	
7.	Auðkenni	
	ISIN númer:	IS0000035335
	Auðkenni:	SIMINN 26 1

	CFI númer útgáfu:	DBVUFR
	FISN númer útgáfu:	SIMINN/VAR BD 20260630
8.	Upplýsingar frá þriðja aðila	
	Ef upplýsingum í endanlegum skilmálum þessum hefur verið aflað frá þriðja aðila staðfestir útgefandi, að svo miklu leyti sem honum er kunnugt um og honum er unnt, út frá þeim upplýsingum sem þriðji aðilinn hefur birt, að upplýsingarnar eru réttar og engum staðreyndum er sleppt sem geri upplýsingarnar ónákvæmar eða misvísandi. Heimilda frá þriðja aðila er getið þar sem það á við.	Á ekki við.
9.	Tilkynning um viðkomandi grunnlýsingu	
	Land eða lönd þar sem tilkynnt hefur verið um viðkomandi grunnlýsingu	Á ekki við.

Síminn hf.

19. mars 2024

Óskar Hauksson
Fjármálastjóri

Davíð B Scheving
Leiðtogi fjárstýringar